

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 13. júní 2024
Tilvísun: 202208054 / 3.4

Efni: Deiliskipulag Stekkjarlæksbakka, Ísafjarðarbær

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 25. mars 2024, móttekið 28. maí 2024, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar að nýju samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 7. október 2022. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn að nýju, þann 21. mars 2024.

Deiliskipulagið barst Skipulagsstofnun upphaflega þann 30. nóvember 2022 og var afgreitt með bréfi dags. 15. desember 2022 þar sem gerð var athugasemd við gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda.

Í deiliskipulaginu felst um 7,2 ha svæði. Gert er ráð fyrir fimm frístundalóðum, 0,92 til 0,97 ha að stærð fyrir frístundahús og gestahús/geymslu, allt að 150 m² á hverri lóð.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000 og 1:8000, dags. 23. júní 2022, með breytingum eftir auglýsingu (ódagsett)

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þar sem meira en ár er liðið frá því að auglýsingatíma lauk og uppfyllir ekki málsmeðferð skv. 2. mgr. 42 gr. Skipulagslaga.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og því þarf að endurtaka málsmeðferð kv. 41. gr. laganna.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

